

1870.

8. ágúst.

78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um að fá lík til skurðar við læknakennsluna í Reykjavík.

Í bréfi, dagsettu 22. marzm. þ. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem landlæknir, jústizráð Jón Hjaltalín, sækir um, að það leyfist, að lík dáiinna sveitarómaga og þeirra, sem kauplaust hafa fengið lækningameðöl, verði fengin í hendur lækni, og einkum læknunum við læknaskólann í Reykjavík, þegar þeir æskja þess, án þess þeir þurfi að leita samþykkis hjá aðstandendum hinna framliðnu, svo læknunum gefist færi á að opna þessi lík til að auka með því ment sína. Þótt nú þér, herra stiptamtmaður, viðurkennið, að það sé æskilegt, að nokkrar ráðstafanir verði gjörðar af hálfu hins opinbera, bæði til þess, sem getið var um, og til þess, að útvega lík til skurðar við læknakennsluna, þykist þér samt ekki geta mælt með því, sem sókt er um, er það að yðar álit komi í bága við þann mannúðar anda, sem sé í lögum landsins um fátækra málefni.

Eftir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við hið konunglega heilbrigðisráð um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðinu þykir sér eigi fært að veita þetta leyfi, sem sókt er um, en það verður að vera komið undir sækjandanum sjálfum, að bera upp mál þetta á alþingi, ef honum finnst ástæða til þess.

12. ágúst.

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtamannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þjóðveg í Þistilfjarðar- og Langaneshreppum.

Eftir að stjórnarráðið 24. septbr. f. á. hafði leitað álits yðar, herra amtmaður, um bænarskrá, sem hingað er komin beina leið, frá hreppstjórunum í Þistilfjarðar- og Langaneshreppum í þingeyjarsýslu um það, að stjórnarráðið hlutist til um, sumpart að amtmaður sem fyrst, samkvæmt tilskipun 15. marz 1861 2. og 3. gr.,